

## Fréttir

- [Allt](#)
- [Alþjóðastarf](#)
- [Deildarstarf](#)
- [Innanlandsstarf](#)
- [Tombólubörn](#)

---

## Spilafíkn ekki eins útbreidd og haldið hefur verið fram

28. mar. 2001

Níu af hverjum tíu Íslendingum eru jákvæðir eða mjög jákvæðir gagnvart því að ágóði af löglegum happdrættum renni til góðgerðarstofnana. Um helmingur þeirra telur að áhrif löglegra happdrætta á íslenskt þjóðfélag séu góð. Þá er spilafíkn ekki jafn útbreidd á Íslandi og haldið hefur verið fram.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýgerðri og viðamikilli rannsókn á spilahegðun landsmanna sem Íslenskir söfnunarkassar, sem eru í eigu Rauða kross Íslands, SÁÁ og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar lét vinna. Rannsóknin gefur í fyrsta sinn heildstæða mynd af spilahegðun Íslendinga og viðhorfum þeirra til löglegra happdrætta. Hún er gerð til að afla fyrirtækinu þekkingar á eðli íslenska spilamarkaðarins og er í samræmi við það markmið fyrirtækisins að reka ábyrgan spilarekstur. Niðurstöðurnar leiða í ljós að sú umræða sem fram hefur farið til þessa hefur verið byggð á getgátum sem ekki standast nánari skoðun.

Rannsóknin byggir á samskonar rannsókn sem bandarísk yfirvöld létu gera til að kanna spilahegðun Bandaríkjamanna árið 1998. Niðurstöður héraðs eru í stórum dráttum svipaðar og í Bandaríkjunum. Stjórn rannsóknarinnar var í höndum Dr. Stowe Shoemaker, aðstoðarprófessors við University of Nevada. Framkvæmd rannsóknarinnar var í höndum IMG Gallup. Hún var gerð símleðis í nóvember sl., úrtak var 1500 og var svarhlutfall rúm 70%.

Rannsóknin gefur greinargóða mynd af því hverskonar peningaspil fólk spilar, hversu miklu menn eyða að jafnaði í hverja tegund löglegra happdrætta og hversu stór hluti fólks á í erfiðleikum vegna spilafíknar. Hluti rannsóknarinnar eru 17 spurningar sem ætlað er að greina áráttukennnda spilahegðun og spilafíkn. Notaður er greiningarstaðallinn DSM IV. Hann er viðurkenndur af geðlæknum og sálfræðingum til greiningar á spilafíkn. Samkvæmt rannsókninni eru 0.6% Íslendinga haldin spilafíkn. Sambærileg tala fyrir Bandaríkin er 0,8%.

Athyglisvert er að skoða hvar fólk sem haldið er spilafíkn spilar. Samkvæmt rannsókninni eru 8,5% þeirra sem stunduðu einkaleiki og leikjaveðmál á síðasta ári haldnir spilafíkn. Sambærileg tala fyrir bingó er 4,5%, Íslenskar getraunir/Lengjuna 3,9%, þá sem spiluðu í spilakössum 2,2% og þá sem keyptu Lottó 1%.

Að meðaltali tapaði fólk mestu fé síðast þegar það tók þátt í leikjum á Netinu 1730 kr., næstmestu í leikjaveðmálum 1706 kr., í Íslenskum getraunum/Lengjunni 947 kr., bingó 880 kr., í Lottói 455 kr., en minnstu í spilakössum 287 kr.

Um helmingur Íslendinga telur að áhrif löglegra happdrætta á íslenskt þjóðfélag séu góð eða mjög góð. Um fjórðungur hefur neikvætt viðhorf gagnvart löglegum happdrættum. Níu af hverjum tíu Íslendingum eru jákvæðir eða mjög jákvæðir gagnvart því að ágóði af löglegum happdrættum renni til góðgerðastofnana.

Í rannsókninni kom einnig fram að flestir landsmanna hafa spilað í Lottói, eða 89%, en næstflestir, eða 63%, í spilakössum. Einkaveðmál eða peningaspil meðal kunningja eða á heimilum höfðu 15% reynt og þar voru menn jafnframt reiðubúnir að leggja langmest undir. Athyglisvert er hversu litlu fé langflestir þátttakendur vörðu í spilakassa í hvert skipti og hversu miklum hluta þess fjár fólk var tilbúið að tapa. Helst það í hendur við vitund fólks um að það sé að styrkja gott málefni með spilun í kössunum. Átta af hverjum tíu eru meðvitaðir um að ágóði af spilakössum rennur til góðgerðarsamtaka. Þegar spurt er um ástæður þess að fólk spilar í spilakössum kemur í ljós að þyngst vega vinningsmöguleikar en nánast jafn þungt að ágóðinn rennur til góðra málefna.

Íslenskir söfnunarkassar kynna í dag stefnu sína í ábyrgum spilarekstri (e. Responsible gaming). Í þeim tilgangi að hindra enn frekar slæmar afleiðingar spilunar hefur verið ákveðið að hækka aldurstakmark úr 16 árum í 18, opna hjálparlínu fyrir þá sem telja sig eiga við áráttukennnda spilahegðun að stríða og gefa út bæklinga sem verða til staðar við spilakassana.

---